

Því úrskurðast:

Greinargerð hæstaréttarlögmanns Gústafs A. Sveinssonar í kærumálinu nr. 5/1951 skal veitt viðtaka sem dóm skjali 15 í máli þessu.

Lögmaður meðstefnda, hdl. Bergur Jónsson, skal fá 2 vikna frest til málsathugunar frá uppkvaðningu þessa úrskurðar.

Mánudaginn 18. febrúar 1952.

Nr. 109/1950. **Guðmundur Benjamínsson f. h. Guðmundar Bærings Guðmundssonar** (Ragnar Ólafsson)
 gegn
Guðbrandi Magnússyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu er áfrýjað með áfrýjunarstefnu 31. ágúst 1950.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að Guðmundur Bæring Guðmundsson sé enn lögráða, og málflutningsmenn aðilja hér fyrir dómi hafa lýst því, að hann hafi aldrei verið sviptur fjárræði. Hins vegar hefur fyrrverandi sýslumaður í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu skipað Guðmund Benjamínsson fjárhaldsmann Guðmundar Bærings hinn 25. september 1947, og hefur Guðmundur Benjamínsson höfðað mál þetta og rekið fyrir dómstólum sem skipaður lögráðamaður Guðmundar Bærings, svo sem væri hann ófjárráða.

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, hefur í málflutningi sínum í héraði staðið í þeirri trú, að Guðmundur Bæring hafi verið sviptur fjárræði árið 1947, svo sem sjá má af varnarskjali hans, dags. 22. maí 1950.

Í vottorði Árna Árnasonar héraðslæknis, dags. 24. júní 1949, segir, að Guðmund Bæring skorti andlega hæfileika, almenna greind, og geti hann ekki unnið þau störf, þar sem út-

sjón þarf til eða kunnáttu. Af ýmsum öðrum gögnum málsins má og sjá, að Guðmundi Bæringi sé andlega áfátt. Eins og málum var háttað, átti héraðsdómari, þegar er stefna kom fram, að taka til athugunar, hvort Guðmundur Bæring mundi vera hæfur til að ráðstafa sakarefninu, og ef svo var ekki, að hlutast til um, að skorið yrði úr því í lögræðissviptingarmáli, hvort svipta skyldi hann fjárræði, sbr. lög nr. 95/1947, og skipa honum fjárhaldsmann. Þar sem dómari lét þetta undir höfuð leggjast, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki leiðbeint þeim Guðmundi Benjamínssyni og Guðbrandi Magnússyni, sem báðir eru ólöglerðir, um málflutning, og veitt móttöku úr hendi þeirra fleiri sóknarskjölum og varnar en heimilt er samkvæmt 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 5. júní 1950.

Mál þetta, sem var dómtekið þann 1. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af Guðmundi Benjamínssyni, bónda að Grund í Kolbeinsstaðahreppi, fyrir hönd Guðmundar Bærings Guðmundssonar, Vogatungu, Leirársveit, með stefnu, útgefinni þann 17. júlí 1948, á hendur Guðbrandi Magnússyni, bónda að Tröð í Kolbeinsstaðahreppi, og er stefnukrafan sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda vegna Guðmundar B. Guðmundssonar kr. 3900.00 með 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Stefndi hefur hins vegar krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda vegna Guðmundar B. Guðmundssonar.

Stefnandi lýsir málvöxtum þannig, að Guðmundur Bæring hafi verið hjá stefnda sem vistráðið hjú frá því í júlímánuði 1933 þangað til 14. maí 1945, en aldrei fengið greitt annað kaup en húsnæði, fæði, klæðnað og tóbak til eigin neyzlu. Hann kveður nefndan Guðmund Bæring oft hafa unnið fyrir kaupi utan heimilis stefnda og að stefndi hafi tekið við því

og notfært sér það sem sína eigin eign. Þá kveður hann nefndan Guðmund Bæring hafa verið andlega vanþroska frá blautu barnsbeini, þótt hann hafi getað unnið líkamlega vinnu, og því hafi hann ekki sjálfur, áður en honum var skipaður lögráðamaður, gert kröfur til kaupgreiðslu úr hendi stefnda, en með því að taka á móti vinnu Guðmundar Bærings og hagnýta sér kaup það, sem hann hafi unnið fyrir hjá öðrum, án þess að greiða sjálfur Guðmundi Bæring hæfilegt kaup, hafi stefndi notfært sér vanvizku hans á þann hátt, að ekki verði talið, að Guðmundur hafi, svo gilt sé, samið um að vinna hjá stefnda án annars endurgjalds en upphalds öll þessi ár, né heldur hafi hann misst af kröfu sinni sökum vangeymslu.

Stefnandi telur, að stefnda beri að greiða Guðmundi Bæring kaup samsvarendi vinnugetu hans fyrir þau ár, sem hann vann hjá honum sem hjú, eða frá því í júlí 1933 þar til 14. maí 1945. Vangoldið kaup fyrir þetta tímabil telur stefnandi rétt reiknað kr. 3900.00, þ. e. kr. 300.00 á ári auk fæðis, húsnæðis, klæða og tóbaks. Stefnandi telur, að Guðmundur Bæring sé talinn sæmilegur verkmaður til líkamlegrar vinnu, þótt andlegur proski hans sé þannig, að hverjum manni sé ljóst, að hann geti ekki gætt hagsmuna sinna, og því hafi hann ekki verið samningshæfur.

Stefndi lýsir málavöxtum hins vegar þannig, að í júlímánuði 1933 hafi komið til hans nefndur Guðmundur Bæring og verið þá á vegum bróður síns, Hafliða Guðmundssonar, Hellissandi, sem kom honum fyrir yfir sumarið, samdi um kaup fyrir hann og tók á móti því um haustið. Kaup þetta kveður hann, að hafi verið mjög lágt, samanborið við það, sem fullorðnir menn fengu, eða sem svaraði fatasliti og tóbaksneyzlu, en um það hvort tveggja sá Hafliði bróðir hans fyrir hann. Um haustið 1933 hafi Guðmundur Bæring síðan farið vestur á Hellissand til Hafliða.

Þá tekur stefndi fram, að enda þótt kaupið hafi verið lágt, sem upp var sett, hafi hann ekki ætlað sér að taka Guðmund Bæring aftur, vegna þess að hann var gagnslaus við heyskap, en krakkar voru til snúninga, svo að það var mjög lítið, sem hægt var að láta hann gera. Auk þess segir hann, að Guðmundur Bæring hafi verið öllum á heimilinu til stórleiðinda og ama sökum skapbresta og einfeldni, og enn fremur hafi ekki verið hættulaust að hafa hann með börnum, ef hann reiddist.

Næsta vor, segir stefndi, að Hafliði Guðmundsson hafi símað til hans og lagt að honum að taka Guðmund Bæring, og varð það úr, að stefndi lofaði að taka hann um einhvern tíma. Um haustið 1934 fékkst Guðmundur Bæring ekki til þess að fara, og segist stefndi hafa látið það kyrrt liggja, enda vildi hann ekki láta hann fara nauðugan.

Þá segir stefndi, að það, sem miklu hafi ráðið um dvöl Guðmundar Bærings hjá honum, hafi verið bréf, sem Guðmundur Bæring fékk frá móður sinni fyrsta veturinn, er hann var að Tröð, en í bréfi þessu hafi hún látið í ljós þakklæti sitt fyrir meðferðina á Guðmundi Bæring og vonað, að hann yrði það lánsamur að fá að vera sem lengst hjá stefnda. Stefnandi tekur og fram, að hann hafi viljað lofa Guðmundi Bæring að vera, svo lengi sem hann sæi sér það fært, enda þótt hann teldi hann ekki vinna fyrir því, sem hann fékk, hvað þá meiru. Enn fremur fullyrðir hann, að

hefði einhver fyrir hönd Guðmundar Bærings gert kröfu um herra kaupgjald, að þá hefði hann samstundis látið hann fara, en það kaup, sem hann segist hafa greitt honum, hafi verið fæði, húsnæði, klæði, tóbak, fé til opinberra gjalda og vasapeningar.

Guðmundur Bæring Guðmundsson, sem er enn vitanlega fullráða, mætti fyrir réttinum þann 24. apríl s.l., og þá staðhæfði hann, að vorið 1933 hefði hann komið að Tröð með Hafliða Guðmundssyni bróður sínum og Sigríði konu hans og að það vor hafi Hafliði ráðið hann til stefnda. Enn fremur upplýsir Guðmundur Bæring, að hann hafi ekki að Tröð komið, frá því að hann fór vestur á Hellissand haustið 1933 og þar til vorið 1934. Hann segir, að Hafliði Guðmundsson hafi einnig þá ráðið hann, en ekki kveður hann sig vita, fyrir hvaða kjör. Aldrei segist hann hafa spurt stefnda að því, hvaða kaup hann ætti að fá, og ekki kveðst hann vita, hvað stefndi hafi hingað til galdið honum. Enn fremur lýsti Guðmundur Bæring yfir því, að hann vissi ekki, hvort hann ætti peninga hjá stefnda.

Um kjör sín hjá Hafliða upplýsir Guðmundur Bæring, að þau hafi verið kr. 100.00 í árskaup, auk fæðis, klæða, húsnæðis og tóbaks, en hann segist þó ekki muna, hvort hann hafi fengið þessa fjárhæð greidda eða hvort hann átti að nota nefndar kr. 100.00 fyrir tóbak og þá ekki að hafa fritt tóbak.

Þann 22. sept. 1949 mætti Hafliði Guðmundsson fyrir réttinum og staðfesti, að efnir réttarskj. nr. 17 væri satt og rétt, en í skjali þessu kveður hann Guðmund Bæring hafa verið sinn vinnumann árið 1933 og að um vorið það ár hafi hann ráðið Guðmund Bæring til stefnda í kaupavinnu um sumarið fyrir hálfkvenmannskaup, sem hann fékk greitt með þremur lömbum. Nánar skýrir Hafliði Guðmundsson þetta þannig, að Guðmundur Bæring hafi verið vinnumaður hans frá því um haustið 1932 til haustsins 1933 og að þá hafi hann skaffað honum ytri og innri fatnað, tóbak og kr. 200.00 í peningum, en lömb þau, er hann fékk hjá stefnda, segist hann hafa hirt. Hins vegar neitar vitnið því, að það muni til þess, að það hafi ráðið Guðmund Bæring að Tröð vorið 1934. Þá upplýsir vitni þetta, að hin systkini Guðmundar Bærings hafi engin afskipti af honum haft. Spurningu um, hvers vegna vitnið hefði ráðið Guðmund Bæring fyrir hálfkvenmannskaup, svarar það þannig, að það hafi gert það af sanngirni sinni og af því, að það hafi ekki þekkt til vinnuafkasta hans, en samtímis tók vitnið fram, að það hafi heldur viljað hafa Guðmund Bæring ráðinn fyrir þetta kaup, heldur en að láta hann vera heima, og bætir vitnið því við, að móðir þeirra hafi beðið það fyrir Guðmund Bæring, og þess vegna hafi það tekið hann með sér. Þá segist vitnið enn fremur halda, að Guðmundur Bæring geti ekki séð fyrir sér einn, nema með umsjón, og kveður það aðallega liggja í því, að Guðmundur Bæring geri sér ekki grein fyrir því, hvaða fé hann taki við eða hvernig hann verji því, en ekki kveðst það skilja annað en að eitthvað mætti greiða honum í kaup, og með því segist það eiga við, að á þessum tímum mætti borga honum meira en fæði, klæði og húsnæði. Einnig upplýsir vitni þetta, að Guðmundur Bæring hafi verið

háseti á báti þess frá 15. jan. 1933 til miðs einmánaðar sama ár og þá haft heilan hlut. Vitni þetta staðfesti framburð sinn með eiði.

Í þessu sama réttarhaldi mætti sem vitni kona Hafliða Guðmundssonar, Sigríður Andrésdóttir. Vitni þetta segist muna eftir því, að Guðmundur Bæring fór með þeim hjónunum í Kolbeinsstaðahrepp vorið 1933. Nefnd Sigríður lýsti því yfir, að henni sé kunnugt um, að Hafliði hafi ekki ráðið Guðmund Bæring að Tröð, en ekki kveðst hún vita, hvaða kaup hann átti að fá. Þá kveðst hún muna, að maður hennar Hafliði Guðmundsson fékk þrjú lömb haustið 1933 af kaupum Guðmundar Bærings. Lömbin heldur hún, að þau hafi tekið, af því að þau gerðu ráð fyrir því, að Guðmundur Bæring yrði hjá þeim næsta vetur. Lunderni Guðmundar Bærings segir hún að hafi verið ágætt, meðan hann var hjá þeim, og að þau hjónin hafi tekið hann með sér í Kolbeinsstaðahrepp, sökum þess að þau gátu ekki komið honum fyrir. Guðmund Bæring kveður hún hafa verið þegan, en afkastalítinn og þurft mann með sér. Framburður þessa vitnis var tekinn gildur sem eiðfestur.

Ýmis önnur vitni hafa borið í máli þessu, og skulu nú framburðir þeirra raktir:

1. Sveinbjörn Jónsson, fyrrverandi oddviti Kolbeinsstaðahrepps, ber það, að hann minnst þess, að Guðmundur Bæring hafi verið í sýsluvegavinnu, þá er hann var oddviti, og muni hann þá tíðast hafa verið með hest og vagn, og að þá hafi það verið venja, að það jafngilti einu dagsverki. Þenna framburð hefur stefndi viðurkennt sem réttan.
2. Albert Guðmundsson, Heggstöðum, kveður sig hafa átt tal við stefnda vorið 1941 eða 1942 um Guðmund Bæring, og upplýsti stefndi þá, að Hafliði Guðmundsson hefði ráðið Guðmund Bæring að Tröð, en ekki kveður hann stefnda hafa látið í ljós vilja sinn til þess að losna við Guðmund Bæring, þó tækifæri hefði borizt.
3. Gísli Þórðarson, Mýrdal, kveðst hafa tekið Guðmund Bæring fullgildan í fjalleitir og bætir því við, að hann hafi aldrei vísað neinum frá, sem komið hafi í leitir, og að allir hafi verið teknir fullgildir og það þótt unglingar væru (10—15 ára drengir). Hann segir enn fremur, að fyrir 4—5 árum (þ. e. 1943—1944) hafi hreppsnefnd samþykkt, að þeir, sem ekki inntu fjallskil af höndum, skyldu greiða fyrir dagsverkið eftir ákvörðun hreppsnefndar. Fyrst muni það hafa verið 30—40 krónur, en kr. 60.00 á tveimur s.l. árum.
4. Gestur L. Fjeldsteð, Haukatungu, kveðst hafa fylgzt afarlítið með vinnubrögðum Guðmundar Bærings í Tröð, en honum virtist hann eyða nokkuð miklum tíma í að ferðast á milli bæja.
5. Þórður Árnason, Stóra-Hrauni, segist hafa verið samtíma Guðmundi Bæring sumarið 1947 að Stóra-Hrauni, og að þar hafi Guðmundur Bæring hér um bil alltaf farið með mjólkina upp á veg (7—8 km. veg), mokað fjós og önnur hús, ef þurfti, sótt vatn og borið ofan af, en við heyskap heldur hann, að hann hafi ekki séð hann vinna annað. Þá segir hann sig halda, eftir því sem aðrir vilji fá í kaup, þá eigi Guðmundur Bæring eitthvert kaup skilið.

6. Björn Kristjánsson, Kolbeinsstöðum, kveður Guðmund Bæring hafa verið látinn bera á tún í Tröð, keyra eldivið, fara með mjólk og starfa lítills háttar við heyskap, ekki þó að slætti. Enn fremur segir hann, að Guðmundur Bæring hafi verið látinn vinna lítið eitt í vegavinnu, og hann vissi til þess, að hann var látinn fara í leitir. Þá staðfestir Björn Kristjánsson réttarskjal nr. 31, en í því segir hann, að þótt hann hafi séð Guðmund Bæring vinna að tröð, þá telji hann þau vinnubrögð það illa af hendi leyst, að hann myndi ekki geta notast við þau. Enn fremur lýsir hann því yfir, að hann hefði tæplega viljað taka Guðmund Bæring á sitt heimili, þótt um lítið eða ekkert kaup hefði verið að ræða.
7. Séra Þorsteinn L. Jónsson, Söðulsholti, staðfestir efni réttarskjals nr. 12, en þar segist hann hafa verið í nágrenni við Guðmund Bæring, þegar hann var í Tröð, og hafa kynnt honum nokkuð. Kveður hann hafa verið velgerning að lofa honum að vera þar öll þessi ár án meðlags, svo ófullkominn sem hann reyndist til allrar vinnu. Telur hann sig geta vel um þetta borið, þar sem Guðmundur Bæring vann hjá honum í nokkra daga, án þess að nokkuð væri upp á það sett. Þá tekur hann og fram, að Guðmund Bæring mundi hann ekki vilja ráða til sín, en að þess hafi hann átt kost oftar en einu sinni.
8. Kristín Halldórsdóttir staðfestir réttarskjal nr. 19, en í því segist hún hafa verið einn vetur samtíða Guðmundi Bæring að Tröð og kynnt honum allnokkuð, og skýrir hún svo frá, að þegar hann hafi átt t. d. að gefa kúm, að þá hafi mátt ganga út frá því sem vísu, að það væri ógert, og söm hefði raunin verið, hafi hann átt að vatna gripum eða láta þá inn, og að hann hafi alls ekki getað smalað fé í hús.
9. Magnús Kristjánsson, Stóra-Hrauni, staðfestir réttarskjal nr. 9, og í því kveður hann sig hafa haft Guðmund Bæring frá því um miðjan febrúar 1947 til miðs október sama ár og greitt honum kr. 1050.00 í kaup, en hann kveðst halda, að hann vilji ekki taka hann aftur á heimili sitt gegn endurgjaldi. Þá segir vitni þetta, að Guðmundur Bæring hafi flutt mjólk fyrir það um 8 km veg, sem var frekar ógreiðfær, og að það hafi gengið fremur vel. Auk þess hafi Guðmundur Bæring fengið við að moka fjós og að hann hafi gert allt, sem honum var sagt, en ekki ávallt framkvæmt það, eins og vitnið hefði helzt óskað.
10. Guðmundur S. Sigurgeirsson, Kirkjuteig 18, Keflavík, staðfestir rskj. nr. 14 þess efnis, að hann hafi verið með Guðmundi Bæring að Tröð sumarið 1938, og telur hann Guðmund Bæring helzt ekki til neins nýtan, og t. d. sé verksvit ekki til hjá honum. Um það nefnir hann dæmi. — Hann kveður sig einu sinni hafa haft orð á því við stefnda, hvers vegna hann hefði Guðmund Bæring á heimili sínu, þar eð enginn gæti haft nema skaða af því að hafa hann, en að þá hafi stefndi svarað: „Ég kann ekki við að hrekja karlangann burtu, meðan að hann vill vera, fyrst ég var svo óheppinn að taka hann inn á heimilið.“ — Enn fremur segir vitni þetta, að það hafi einu sinni átt að segja Guðmundi Bæring fyrir verkum í líklega um mánaðartíma í fjarveru

húsbænda, en að þá hafi Guðmundur Bæring oft farið frá störfum til næstu bæja, ef hann gat því við komið.

Í réttarhaldi þann 14. jan. 1949 lýstu aðiljar því yfir, að þeir tækju framburði allra þessara vitna jafngilda sem eiðfesta. Þá hefur héraðs-læknir Árni Arnason skoðað Guðmund Bæring Guðmundsson og lýst yfir í réttarskj. nr. 40, að hann virðist vera líkamlega heilbrigður, útlit eftir aldri, ekkert sérstakt að finna að hjarta eða lungum og yfirleitt ekki að finna nein örorkumerki við venjulega skoðun. Hins vegar skorti hann andlega hæfileika, almenna greind, og geti ekki unnið þau störf, sem krefjast útsjónar eða kunnáttu. Hann muni geta unnið algenga erfiðisvinnu undir stjórn og eftir fyrirsögn, enda hafi hann verið að slíkum störfum, þegar skoðun fór fram.

Sem gögn í máli þessu hafa enn fremur komið fram nokkrar óstaðfestar yfirlýsingar, sem hefur verið mótmælt, og vottorð, sem ekki þykir ástæða til að rekja hér nánar.

Með hliðsjón til framburðar Hafliða Guðmundssonar, staðhæfingar Guðmundar Bærings og málsútlitunar stefnda verður að telja upplýst, að Hafliði Guðmundsson hafi ráðið Guðmund Bæring í kaupavinnu að Tröð vorið 1933 og að þá hafi nefndur Guðmundur Bæring verið vinnumaður Hafliða og að Hafliði hafi tekið við því kaup, er stefnda bar að greiða fyrir það sumar, enda hefur stefnandi ekki mótmælt því, að það væri réttilega af hendi greitt, sem og með tilliti til þess framburðar Guðmundar Bærings, að hann hafi farið frá Tröð haustið 1933, þykir leiða, að ekki sé hægt að taka kröfu stefnanda um kaup til handa Guðmundi Bæring árið 1933 til greina.

Þá hefur Guðmundur Bæring haldið því fram, að hann hafi verið ráðinn af nefndum Hafliða Guðmundssyni til stefnda vorið 1934, og því hinu sama hefur stefndi haldið fram í máli þessu, og verður að telja, að svo hafi verið, þar sem bæði kröfuhafa og stefnda kemur saman um þetta atriði, enda þótt Hafliði Guðmundsson muni ekki til þess og þrátt fyrir aðra málsútlitun stefnanda, sem engin sérstök rök hafa verið færð að, en um kjörin er allt óljósara, því Guðmundur Bæring hefur lýst því yfir, að hann viti ekki, hver þau voru, og enn fremur því, að hann viti ekki, hvað hann hafi fengið greitt úr hendi stefnda eða hvort hann eigi nokkra kröfu honum á hendur. Hins vegar telur stefnandi sanngjarnt og rétt, að skjólstaðingi hans verði greiddar kr. 300.00 á ári auk þess, sem stefndi hefur þegar í té látið, en þ. e. húsnæði, fæði, klæði, tóbak o. fl. Þessu hefur stefndi eindregið mótmælt, en bæði stefnandi og stefndi eru á einu máli um það, að Guðmundi Bæring sé það áfátt, að hann geti ekki talizt fullgildur maður, og er allur framburður vitna og læknisvottorð í máli þessu í þá hina sömu átt. Af þessu þykir leiða, að ekki er hægt að beita ákvæðum hjúlaganna nr. 22 frá 7. maí 1928, 30. gr. sbr. 8. gr., um, að ef upphæð kaups hefur eigi verið ákveðin, skuli hjúið hafa svo mikið kaup sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á þess reki.

Rétturinn verður því af framanskráðum ástæðum að líta svo til, að sönnunarbyrðin um réttmæti stefnukröfunnar hljóti að hvíla á stefnanda

máls þessa og að stefnandi hafi ekki undir rekstri málsins fært nægjanleg rök að kröfu sinni, sérstaklega þegar þess er gætt, að Guðmundur Bæring hefur staðfest, að kaup hans hafi, áður en hann kom að Tröð, verið svipað því, sem hann fékk greitt hjá stefnda, sem og hins, að stefnandi hefur sjálfur lagt fram vottorð á réttarskjali nr. 6, sem sýnir, að skjólstæðingur hans hefur árum saman haft svipað kaup, eftir það að hann fór frá stefnda, og hann hafði hjá honum.

Eftir þessu þykir bera að sýkna stefnda Guðbrand Magnússon, bónda að Tröð, af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, Grund, í máli þessu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinrik Jónsson sýslumaður kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Guðbrandur Magnússon, bóndi að Tröð í Kolbeinsstaða-hreppi, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmundar Benjamínssonar, bónda að Grund, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1952.

Vélsmiðjan Þór h/f (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Ólafi Ásgeirssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
 í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Námssamningur. Kaup iðnnema og orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1950. Krefst hann *ad allega* sýknu af kröfum stefnda, en *til vara*, að dómkrafa hans verði lækkuð í kr. 324,01. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.